

**heimili** *hk – hús*  
[-s, -]

– þið eigið fallett heimili

‡ • heima, heimilisfang

**garð-ur** *kk – hestur*  
[-s, -ar]

– það er lítill garður við húsið

‡ garðr • kirkjugarður

**áhug-i** *kk et – tími*  
[-a]

– hann hefur mikinn áhuga á matargerð

‡ • hugi, hugur, hugsun, athuga

**bíl-l** *kk – hestur S*  
[-s, -ar]

– þær ætla á bíl niður til Raufarhafnar

‡ • bílstjóri

**los-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– það er erfitt að losa skrufuna

‡ • losna, laus, leysa « binda

**ósk-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– hún óskar honum til hamingju

‡ • ósk

**bragð** *hk – hús Ö*  
[-s, brögð]

– það er lítið bragð af súpunni

‡ • bregða, viðbragð

**fjall** *hk – hús Ö*  
[-s, fjöll]

– fjallið Hekla er eldfjall

‡ • eldfjall

**glæsileg-ur** *lo – gulur*  
[-, -t; -ri, -astur]

– þetta er glæsilegur hestur!

‡ glæsiligr

**breið-ur** *lo – gulur*  
[-, breitt; -ari, -astur]

– þangað liggur beinn og breiður vegur

‡ breiðr • breiða » víður « mjór, þröngur

**þorp** *hk – hús*  
[-s, -]

– hún kemur frá litlu þorpi

‡

**mjúk-ur** *lo – gulur*  
[-, -t; mýkri, mýkstur]

– ég vil helst mjúka dýnu

‡

**afgrei-ða** *so vb-i – heyra*  
[-ddi]

– hann afgreiðir í búð

‡ • greiða (so)

**spar-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– það verður að spara orku

‡

**ævintýri** *hk – hús*  
[-s, -]

– amma segir okkur oft ævintýri

‡ ævintýr

**dreif-a** *so vb-i – heyra*  
[-ði]

– viltu gjöra svo vel að dreifa blöðunum?

‡